



**Ávarp forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í opinberri heimsókn forsetahjóna í Snæfellsbæ**

**Klifi í Ólafsvík  
30. október 2019**

Bæjarstjóri,  
ágætu íbúar í Snæfellsbæ,  
aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég þann hlýhug og þá velvild sem við höfum notið í heimsókn okkar hingað í Snæfellsbæ. Við höfum hitt unga sem aldna, rætt við forystufólk sveitarfélagsins og kynnt okkur fiskvinnslu og ferðaþjónustu, undirstöðugreinar samfélagsins. Við erum þegar margs vísari um mannlíf hér og menningu, sögu og framtíðarhorfur.

Já, hér hefur verið vel tekið á móti okkur. Börn og ungmenni voru hress og kát og ekki legg ég trúnað á þau orð séra Árna Þórarinssonar forðum að það fyrsta sem ungvíðið á Snæfellsnesi lærði að segja væri orðið nei. Eldri borgarar á Jaðri voru líka ljúfmennskan uppmáluð. Kannski má enn finna afkomendur Bárðar Snæfellsáss hér á nesinu, bjargvættar sem reyndist fólki á þessum slóðum vel þótt hann væri kominn í karllegg af tröllum og risum og hyrfi að lokum í jökulinn eftir illdeilur innan fjölskyldunnar. Frá því öllu segir í fornum sögum og lýsingar eigum við líka af Þórólfi bægifæti sem gerði sér bústað í Þórsárdal innst á nesinu, í öðru sveitarfélagi. Nú skal ég ekki segja hvort enn eimi eftir af skapgerð hans meðal íbúa þar; hann gerðist að minnsta kosti „illur og æfur við ellina og mjög ójafnaðarfullur“, eins og segir í Eyrbyggju. Ég læt ykkur, sem þekkið granna ykkar betur en ég, að meta hvort sú sé enn raunin. Og gleymum

Því ekki heldur að það sem séra Árni sagði um Snæfellinga átti væntanlega við um þá sem hann þekkti best, þjónandi í öðrum hreppum en hér á útnesinu.

En aftur að Eyrbyggju. Hún gerist að nokkru á þessum slóðum og er merkasta héraðssagan í flokki Íslendingasagna, sagði Jón Böðvarsson á sinni tíð. Skoski rithöfundurinn Walter Scott kvað hana hreinlega merkasta allra okkar sagna; er jafnvel talið að hún hafi veitt honum innblástur við gerð sinnar fyrstu sögulegu skáldsögu og ruddi hann þar merka braut. Snúist málið um áhrif ytra, mörkuð spor í mannkynssöguna, mætti hugurinn hins vegar frekar hvarfla til Guðríðar Þorbjarnardóttur. Sá kvenskörungur fæddist á Laugarbrekku hér í sveit og hafði ferðast áður en yfir lauk víðar en nær allir aðrir um hennar daga, vestur til nýrra landa og suður í Róm.

Hvar skal nema staðar? Kannski á Staðastað, einum austasta bæ sveitarfélagsins. Þar bjó Ari fróði og þar fæddist Jóhann Jónsson skáld. „Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað,“ orti hann svo eftirminnilega, svo átakanlega. Það er eiginlega magnað hversu mörgu listafólki þetta sveitarfélag getur státað af; vinsælum rithöfundum samtímans, Eðvarð Ingólfssyni, Stefáni Mána, Þorgrími Þráinssyni. Frystiklefinn góði í Rífi er vettvangur alls kyns sköpunar, undir dyggri forystu Kára Viðarssonar, og mér er sagt að á engan sé hallað þótt ég geti hér atbeina þeirra stalla, Guðmundu Wium og Jennýar Guðmundsdóttur, í menningarmálum bæjarfélagsins. Og gleymum því ekki að ýmsar listakonur geta rakið ættir sínar hingað, Elva Hreiðarsdóttir, Ragnheiður Þorgrímsdóttir og Vigdís Bjarnadóttir sem lengi vann á skrifstofu forseta Íslands.

Fleiri nöfn mætti auðvitað nefna en tölum einmitt aðeins um forseta áður en ég lýk máli mínu. Ásgeir Ásgeirsson og Dóra Þórhallsdóttir komu hingað í heimsókn árið 1957, fyrir rúmlega hálfri öld. Margt var með svipuðum brag þá og nú. Ung stúlka færði þeim blómvönd og svo var hóf. Að vísu var það hreppsnefnd sem stóð fyrir því og viðburðurinn var í barnaskólahúsinu. Þá flutti séra Magnús Guðmundsson forsetahjónunum kvæði og gat þar að líta þessi vísuorð:

Hér brim og hættur hvöttu fólk til dáða,  
á haf var sótt, þó fleytan væri smá.  
Og bæn var lesin, látinn Guð var ráða,  
hvort landi væri unnt í dag að ná.

Öldum saman var Snæfellsnes mesta verstöð landsins, útræði frá ýmsum stöðum á útnesinu og má spyrja hvort þeim mikilvæga þætti hafi verið gefinn viðeigandi gaumur í Þjóðarsögunni. Enn var útvegur í öndvegi þegar Vigdís Finnbogadóttir kom hingað í opinbera heimsókn, í ágúst 1987. Þá var nýbúið að opna þetta glæsilega félagsheimili og hugur í heimamönnum. Sjö árum síðar sameinuðust fjögur sveitarfélög og mynduðu Snæfellsbæ; og áfram hefur samfélagið þróast og breyst.

Blessunarlega hefur öryggi á sjó aukist til mikilla muna og síðustu áratugi hafa miklar framfarir orðið í fiskvinnslu eins og við sáum svo vel á ferðalagi okkar í dag. Við lifum á tímum örra breytinga – umbyltinga. Kannski er það tvennt sem helst hefur breyst í þessum landshluta: Ferðaþjónusta skiptir núna sköpum í atvinnulífinu og fólk af erlendum uppruna hefur flust hingað í stórum stíl, sjálfu sér og öðrum til góða.

Snæfellsjökull laðar og lokkar, þungamiðja Þjóðgarðsins sem ferðamenn sækja unnvörpum. „Hann sást af Nesinu eitt föstudagskvöldið í maí svo uppljómaður að nú hlaut hann loksins að ganga á land til mín í eitt skipti fyrir öll.“ Þannig hefst prósaljóð Steinunnar Sigurðardóttur um jökulinn fagra sem sést svo vel af nesjum sunnan Faxaflóa, þeirra á meðal Álfanesinu. Einatt blasir hann við okkur á Bessastöðum, mikilfenglegur en um leið mælikvarði á loftslagsvá; nú glyttir í gígbarma þar sem áður var snæhetta.

Góðir áheyrendur: Á heimaslóðum mínum í Garðabæ fagnar knattspyrnufólk því að Ejub Purisevic var nýlega ráðinn til að sinna ungmennapjálfun þar, og lauk þá 17 ára farsælum ferli hans við leik og þjálfun með Víkingi í Ólafsvík. Vel fór á því að Ejub var sæmdur gullmerki félagsins í lokahófi þess í síðasta mánuði. Og Fadel á líka heiður skilinn, eldhugi sem kom hingað frá Egyptalandi fyrir margt löngu og kennir íþróttir af miklum móð, virtur og dáður.

Fyrir skemmstu var hér haldin fjölmenningshátíð, fyrir fullu húsi. Í hittifyrri urðum við Eliza þess heiðurs aðnjótandi að sækja sömu hátíð í Rífi. Þá fundum við og sáum svo vel hvað það þýðir að í Snæfellsbæ býr fólk af ólíku þjóðerni. Já, hér býr fólk sem rekur rætur sínar til Póllands eða Bosníu og fjölmargra annarra landa nær og fjær. Eflaust kemur fyrir að misskilningur myndast milli ólíkra menningarheima en þið hér í Snæfellsbæ hafið sýnt og sannað að fjölmennings getur verið fallett orð. „Fjölmennings ber með sér

umburðarlyndi og víðsýni,“ sagði ég í ávarpi á hátíðinni fyrir tveimur árum: „fróðleiksþrá og andúð á hleypidómum. Fjölmennig er andstæða kreddutrúar, þröngsýni og öfga ... Sönn fjölmennig er eins falleg og heilbrigð ættjarðarást.“

Ágætu íbúar Snæfellsbæjar, Ólsarar, Sandarar og Rífsbúar, sveitungar undir Jökli og aðrir. Ég færi ykkur aftur þakkir okkar hjóna fyrir góð kynni og viðurgerning. Við óskum ykkur allra heilla og vonum að lengi vari það lukkunnar velstand sem ég las um nýlega, að íbúar Snæfellsbæjar væru hamingjusamastir allra á landinu. En það gæti breyst, fari ég ekki að slá botninn í þessa tölu!

Ég þakka ykkur aftur alla gestrisnina.